

2010:1 • 31. mars 2010

## Utanríkisverslun með vörur 2009

### Samantekt

Árið 2009 voru fluttar út vörur fyrir 500,9 milljarða króna fob en inn fyrir 410,6 milljarða króna fob, 446,1 milljarð króna cif. Afgangur var því á vöruskiptum við útlönd í fyrsta skipti síðan 2002, reiknað á fob verðmæti, sem nam 90,3 milljörðum króna fob en 6,7 milljarða króna halli var árið 2008. Verðmæti útflutnings jókst um 7,3% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs en innflutningur dróst saman um 13,3%. Sjávarafurðir voru 41,7% alls útflutnings, í annað sinn í röð með minni hlutdeild en iðnaðarvörur. Verðmæti þeirra jókst um 21,8% frá fyrra ári á gengi hvors árs, iðnaðarvörur voru 48,6% alls útflutnings og jókst verðmæti þeirra um 0,2% á gengi hvors árs. Stærstu vöruflokkar innflutnings voru hrá- og rekstrarvörur með 31,4% hlutdeild, fjárfestingarvörur með 21,1% hlutdeild og neysluvörur aðrar en mat- og drykkjarvara með 15,5% hlutdeild. Í krónum talið varð mestur samdráttur í innflutningi hrá- og rekstrarvara, flutningataækja og fjárfestingarvara. Mest var flutt inn frá og út til Evrópska efnahagssvæðisins, EES, 83,5% útflutnings fór þangað og 64,8% innflutnings kom þaðan. Stærstu viðskiptalönd voru Holland í útflutningi, 30,7% af heild, og Noregur í innflutningi, 13,0% af heild.

### Vöruskiptajöfnuður

Útflutningur 500,9 milljarðar  
fob og innflutningur  
446,1 milljarður cif

Í töflu 1 er sýnd þróun utanríkisverslunar áratuginn 2000–2009, innflutningur á cifverði en útflutningur á fob-verði, eins og hefð er fyrir í birtingu talna um utanríkisverslun. Á árinu 2009 nam verðmæti vörutíflutningsins í heild 500,9 milljörðum króna fob, heildarvöruinnflutningur cif nam 446,1 milljarði, útflutningur umfram innflutning á árinu 2009 varð því jákvæður um 54,7 milljarða. Halli hefur verið á utanríkisversluninni allan þennan áratug að árinu 2009 undanskildu þegar afgangur var 10,9% af útflutningverðmæti. Hallinn hefur verið um 1,6% af útflutningsverðmæti árið 2002, upp í 78,0% árið 2006. Hallinn á vöruskiptunum var 10,3% árið 2008, 40,8% árið 2007 og 61,5% árið 2005.

Tafla 1. Utanríkisverslun árin 2000–2009

	Í millj. kr. á verðlagi hvers árs			Útflutt umfram innflut í % af útflutningi
	Útflutt fob	Innflutt cif	Útflutt umfram innflutt (fob-cif)	
2000	149.273	203.222	-53.949	-36,1
2001	196.582	220.874	-24.292	-12,4
2002	204.303	207.608	-3.305	-1,6
2003	182.580	216.525	-33.945	-18,6
2004	202.373	260.431	-58.058	-28,7
2005	194.355	313.855	-119.500	-61,5
2006	242.740	432.106	-189.366	-78,0
2007	305.096	429.469	-124.373	-40,8
2008	466.860	514.739	-47.879	-10,3
2009	500.855	446.128	54.726	10,9



### Vöruskiptajöfnuður hagstæður


Vöruskiptajöfnuður er reiknaður út frá fob-verði bæði innflutnings og útflutnings. Innflutningur fob nam 410,6 milljörðum króna og var vöruskiptajöfnuðurinn 2009 því hagstæður um 90,3 milljarða. Í töflu 2 kemur fram að vöruskiptajöfnuður fob við útlönd á verðlagi hvers árs hefur verið hagstæður einu sinni áður á síðustu tíu árum, þ.e. árið 2002, 1,6% af vergri landsframleiðslu. Hallinn var mestur árið 2006, 13,6% af vergri landsframleiðslu. Árið 2009 var afgangur 6,0% af vergri landsframleiðslu. Á mynd 1 má sjá vöruskiptajöfnuð sem hlutfall af útflutningi og vergri landsframleiðslu og á mynd 2 má sjá þróun útflutnings fob, innflutnings fob og vöruskiptajafnaðar fob.

**Tafla 2. Vöruskiptajöfnuður árin 2000–2009**


Í millj. kr.	Á verðlagi hvers árs		Á föstu verðlagi ársins 2009 <sup>1</sup>		Vöruskiptajöfnuður		
	Útflutt fob	Innflutt fob	Útflutt fob	Innflutt fob	Á verðlagi hvers árs	Ársins 2009 <sup>1</sup>	Hlutfall af VLF, %
	2000	149.273	187.276	251.629	168.698	-38.003	82.931
2001	196.582	203.083	309.006	203.173	-6.501	105.833	-0,84
2002	204.303	191.205	301.254	197.997	13.098	103.257	1,60
2003	182.580	199.512	272.391	192.585	-16.932	79.806	-2,01
2004	202.373	240.160	276.428	200.237	-37.787	76.191	-4,07
2005	194.355	288.895	265.778	192.397	-94.540	73.380	-9,21
2006	242.740	401.201	336.862	228.504	-158.461	108.358	-13,56
2007	305.096	397.241	346.167	236.148	-92.145	110.019	-7,04
2008	466.860	473.525	475.290	343.938	-6.665	131.353	-0,45
2009	500.855	410.575	500.855	410.575	90.280	90.280	6,02

<sup>1</sup> Miðað við breytingar á magnvisítolum útflutnings og innflutnings sem eru reiknaðar út frá verðvísítolum samkvæmt einingarverðum úr tollskrárnúmerum.

**Mynd 1. Vöruskiptajöfnuður (fob-cif) sem hlutfall af útflutningi og vöruskiptajöfnuður (fob-fob) sem hlutfall af vergri landsframleiðslu**




**Mynd 2. Utanríkisverslun 1985–2009**



Mynd 3 sýnir hlutfall útflutnings og innflutnings vöru af vergri landsframleiðslu fyrir 49 ára tímabil. Þar sést að hlutdeild útflutnings og innflutnings hefur lengst af verið um og yfir fjórðungur af landsframleiðslu. Þó jókst hlutdeild innflutnings árin 2004–2006, dróst saman árið 2007, jókst 2008 en minnkaði 2009 auk þess sem hlutdeild útflutnings var komin niður fyrir fimm tung árið 2005 en hefur hækkað árin 2006–2009 og árið 2009 var meira flutt út en inn til landsins í fyrsta skipti frá árinu 2002. Því hærri hlutdeild sem utanríkisverslun hefur af landsframleiðslu, því opnara er hagkerfið talið. Þar sem hlutdeild vörubiðskipta hefur lengst af verið í kringum fjórðung af landsframleiðslu bendir það til þess að þegar litið er á vöruviðskiptin eingöngu hafi hagkerfið ekki verið að opnast þó að breytingar hafi orðið síðustu ár. Þjónustuviðskiptin við útlönd hafa hins vegar stóraukist. Sveiflur í gengi geta einnig skekkt þennan samanburð einstök ár.

**Mynd 3. Út- og innflutningur sem hlutfall af vergri landsframleiðslu 1960–2009**




## Verð- og magnbreytingar 2008–2009

Gengisbreytingar höfðu mikil áhrif á utanríkisverslun á árinu 2009 eins og árið áður


Miklar breytingar á gengi íslensku krónunnar á árunum 2008–2009 höfðu áhrif á tölur um innflutning og útflutning. Mynd 4 sýnir mánaðarlegar breytingar á vörubiðskiptavog sem mælir breytingar á meðalverði erlends gjaldeyris og er notuð til umreiknings talna um utanríkisverslun. Gengisvíðsíðan í desember 2009 var 10,9% hærri en í janúar 2009 auk þess sem meðalverð erlends gjaldeyris milli áranna 2008 og 2009 hækkaði um 34,1%. Þessar gengisbreytingar gera samanburð á utanríkisverslunartölum innan ársins og milli ára vandasaman.

**Mynd 4. Mánaðarlegar breytingar vörubiðskiptavogar 2008-2009**



Mynd 5 sýnir mánaðarlegar tölur innflutnings og útflutnings 2008–2009 uppreiknaðar á gengi desembermánaðar 2009. Gengisbreytingarnar hafa mikil áhrif á samanburð talna um innflutning og útflutning sem taka ber tillit til.

**Mynd 5. Mánaðarlegar tölur inn- og útflutnings 2008-2009 miðað við gengi í hverjum mánuði og gengi í desember 2009**



**Útflutningur og innflutningur dróst saman á föstu gengi**

Verðmæti vörnuútflutnings dróst saman um 20,0% frá árinu 2008 til 2009 og verðmæti innflutnings fob dróst saman um 35,3% þegar tekið hefur verið tillit til 34,1% hækunar á meðalverði erlends gjaldeyris á milli áranna 2008 og 2009. Verðmæti sjávarafurða dróst saman um 9,2%, reiknað á sama gengi bæði árin, og verðmæti iðnaðarvara dróst saman um 25,3%. Samdráttur varð í flestum liðum útflutnings og innflutnings í krónum talið á föstu gengi. Í útflutningi varð mestur samdráttur í útflutningi iðnaðarvöru en í innflutningi á hrá- og rekstrarvöru. Einnig varð umtalsverður samdráttur í innflutningi á fjárfestingavöru og flutningatækjum. Minnurst samdráttur varð í innflutningi á mat- og drykkjarvöru.

**Tafla 3. Verðmæti út- og innflutnings á gengi hvors árs og breytingar á föstu gengi 2008 og 2009**

	2008	2009	Breytingar frá fyrra ári á föstu gengi, <sup>1</sup> %
<b>Útflutningur alls fob</b>	<b>466.859,5</b>	<b>500.854,5</b>	<b>-20,0</b>
Sjávarafurðir	171.348,7	208.623,6	-9,2
Landbúnaðarvörur	6.426,6	7.682,7	-10,8
Iðnaðarvörur	243.147,2	243.641,0	-25,3
Aðrar vörur	45.937,0	40.907,2	-33,6
<b>Innflutningur alls fob</b>	<b>473.524,7</b>	<b>410.574,8</b>	<b>-35,3</b>
Matvörur og drykkjarvörur	37.383,4	41.774,1	-16,6
Hrávörur og rekstrarvörur ót.a.s.	148.577,5	124.929,5	-37,3
Eldsneyti og smurolíur	58.254,6	51.105,3	-34,6
Fjárfestingarvörur (þó ekki flutningatæki)	102.477,8	88.365,2	-35,7
Flutningatæki	60.395,9	39.758,6	-50,9
Neysluvörur ót.a.s.	66.071,9	64.111,2	-27,6
Vörur ót.a.s. (t.d. endursendar vörur)	363,6	530,9	8,9
<b>Vöruskiptajöfnuður</b>	<b>-6.665,2</b>	<b>90.279,7</b>	<b>•</b>

<sup>1</sup> Miðað er við meðalgengi á vörnuútflutningavog. Á þann mælikvarða er meðalverð erlends gjaldeyris 34,1% hærra mánuðina janúar–desember 2009 en sömu mánuði fyrra árs.

**Útflutningsverð og innflutningsverð hækkuðu, viðskiptakjör við útlönd versnuðu**

Tölur fyrra árs eru umreknaðar til meðalgengis líðandi árs til þess að eyða áhrifum gengisbreytinga á verðmætistölur. Aðgreining verðmætisbreytinga milli verð- og magnbreytinga fæst hins vegar ekki nema með útreikningi verðvísitalna. Ein leið er að reikna verðvísitolur samkvæmt einingaverðum úr tollskrárnúmerum eins og gert er í töflu 4. Samkvæmt þeim útreikningum hækkaði útflutningsverð í krónum um 5,8% og innflutningsverð hækkaði um 19,0% árið 2009 miðað við árið á undan. Viðskiptakjörin við útlönd versnuðu því um 11,1% frá árinu 2008 til ársins 2009.

Í krónum talið varð verðmæti „almenns“ vörnuútflutnings 9,6% hærra árið 2009 en árið áður og útflutningsverð hækkaði á sama tíma um 5,8%. Að raungildi jókst því vörnuútflutningur um 3,6% frá 2008 til 2009. Verðmæti „almenns“ innflutnings fob dróst saman um 13,8% í krónum frá fyrra ári, innflutningsverð hækkaði um 19,0% og því dróst vörnuinnflutningurinn saman að raungildi um 27,5%.


**Tafla 4. Verð- og magnvísítölur út- og innflutnings og vísitala viðskiptakjara 2000–2009**

Vísitala 2000=100	Almennur útflutningur <sup>1</sup>		Almennur innflutningur <sup>2</sup>		
	Verðvísitala	Magnvísitala	Verðvísitala	Magnvísitala	Viðskiptakjör
2000	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
2001	122,9	107,4	120,0	89,2	102,5
2002	120,1	115,3	115,8	87,5	103,7
2003	108,3	115,1	111,4	99,0	97,2
2004	109,9	125,7	115,6	113,0	95,1
2005	105,5	119,9	111,3	140,1	94,7
2006	132,7	116,8	131,1	154,4	101,2
2007	136,0	128,7	134,7	153,7	101,0
2008	185,8	160,6	196,0	131,8	94,8
2009	196,6	166,3	233,2	95,6	84,3

<sup>1</sup> Allur útflutningur að frátöldum „öðrum vörum“ (í vöruflokkun Hagstofu Íslands).

<sup>2</sup> Allur innflutningur að frátöldum skipum, flugvélum og vörum ót.a.s. (liður 7 í hagrænni flokkun innflutnings).

**Mynd 6. Magnvísítölur útflutnings, innflutnings og vergrar landsframleiðslu 1990–2009**



### Útflutningur og innflutningur eftir helstu vöruflokkum


Útflutningur jókst á gengi hvors árs en dróst saman á föstu gengi á árinu 2009

Heildarútflutningur 2009 á gengi hvors jókst um 7,3% frá árinu 2008 eða um 34 milljarða króna eins og sjá má í töflu 5. Til samanburðar dróst heildarútflutningur 2009 á föstu gengi saman um 20% eða 125 milljarða. Iðnaðarvörur voru 48,6% alls útflutnings og er þetta annað árið í röð, frá því að skráning á árlegum útflutningi hófst með reglubundnum hætti árið 1862, sem hlutdeild iðnaðarvara er hærri en sjávarafurða. Á mynd 7 sést hvernig hlutfall sjávarafurða í vöruútflutningi hefur síðustu ár lækkað smám saman, á meðan hlutfall iðnaðarvara í útflutningi hefur hækkað. Verðmæti iðnaðarvara stóð því sem næst í stað frá árinu á undan, hækkaði um 0,2% eða um tæplega 500 milljónir. Á föstu gengi varð samdráttur 25,3% eða 82,3 milljarðar. Í útflutningi iðnaðarvara munar mestu um ál en útflutningur þess varð 170,7 milljarðar eða 34,1% af heildarútflutningi, dróst saman um 6,2% eða 11,4 milljarða á gengi hvors árs en 30,1% eða 73,4 milljarða á föstu gengi. Álútflutningur var sá liður iðnaðarvara sem dróst mest saman í krónum talið frá fyrra ári. Útflutningur á kísiljárni, 16,9 milljarðar, og á lyfjavörum, 12,0 milljarðar, komu næst áli í útflutningi iðnaðarvara. Sjávarafurðir voru 41,7% alls útflutnings

og voru fluttar voru út sjávarafurðir fyrir 208,6 milljarða, jukust um 21,8% frá fyrra ári, eða um 37,3 milljarða á gengi hvors árs. Á föstu gengi dróst útflutningur sjávarafurða hins vegar saman um 9,2% eða 21,1 milljarð. Á árinu 2009 vó útflutningur á botnfiski mest í útflutningi sjávarafurða, 26,9% en var 22,7% af heildarútflutningi á árinu 2008. Útflutningur á þorski var 15,1% alls útflutnings eða 75,5 milljarðar en þær tegundir sem komu næst voru síld með 25,7 milljarða króna útflutning, ýsa með 20,3 milljarða króna útflutning og karfi með 16,0 milljarða króna útflutning. Á gengi hvors árs jókst útflutningur sjávarafurða aðallega vegna aukins verðmætis útflutnings á þorski, síld, grálúðu og karfa en útflutningur á loðnu dróst saman.

Í útflutningi á öðrum vörum átti útflutningur á flugvélum stærsta hlutdeild en hann nam 22,7 milljörðum á árinu 2009, dróst saman um 6,1 milljarð á gengi hvors árs frá árinu á undan (15,9 milljarða á föstu gengi). Árið 2009 voru fluttir út bílar fyrir 7,1 milljarð.


**Mynd 7. Útflutningur eftir vöruflokkum (Hagstofuflokkun) árin 1840–2009**



*Fjöldi tollafgreiddra innflutningsskýrslna hefur dregist saman á fjórða ársfjórðungi 2008 og allt árið 2009*

Efnahagskreppan og bankahrunið á síðasta ársfjórðungi ársins 2008 hefur haft mikil áhrif á innflutningstölur. Mynd 8 sýnir mánaðarlegan fjölda tollafreiðsla árin 2008–2009 og þar má sjá að á meðan lítil áhrif eru á fjölda afgreiðslna í útflutningi dragast tollafreiðslur fyrir innflutning umtalsvert saman. Meðaltalsafgreiðslur fyrir innflutning fyrstu þrjá ársfjórðungana 2008 voru rúmar 111 þúsund og hafa mánaðarlegar afgreiðslur síðasta ársfjórðung 2008 og allt árið 2009 ekki náð því meðaltali. Fæstar voru afgreiðslurnar í desember 2008 og janúar 2009, rúmar 62 þúsund færslur en flestar í september 2009, rúmar 95 þúsund færslur.


**Mynd 8. Fjöldi tollafgreiðslna árin 2008-2009**



*Innflutningur dróst saman á gengi hvors árs og á föstu gengi á árinu 2009*

Heildarinnflutningur cif á gengi hvors árs dróst saman um 13,3% eða um 68,6 milljarða eins og sjá má í töflu 6. Á föstu gengi dróst heildarinnflutningur saman um 35,3% eða um 243,9 milljarða. Stærsti liður innflutningsins voru hrá- og rekstrarvörur, 31,4% af heildarinnflutningi, eða 140,2 milljarðar, en hlutdeild þeirra var 32,6% árið 2008. Hlutfall fjárfestingarvara var 21,1% eða 94,3 milljarðar og hlutfall neysluvara annarra en mat- og drykkjarvara, 15,5% eða 68,9 milljarðar. Á gengi hvors árs varð mestur samdráttur í krónum talið í innflutningi á hrá- og rekstrarvöru, flutningataekjum og fjárfestingavörum. Á móti kom aukning í innflutningi á mat- og drykkjarvörum. Á föstu gengi var hins vegar samdráttur í nær öllum liðum innflutnings. Á mynd 9 má sjá að hlutdeild flutningataekja af heildarinnflutningi hefur fallið úr 20,6% árið 2007 í 9,3% árið 2009.

**Mynd 9. Innflutningur eftir hagrænni flokkun árið 2007–2009, hlutfall**




## Utanríkisverslun eftir markaðssvæðum og löndum

83,5% af útflutningi til EES og 64,8% af innflutningi frá EES


Evrópska efnahagssvæðið<sup>1</sup> var stærsta markaðssvæði Íslendinga árið 2009 en þangað fór 83,5% af útflutningi árið 2009. Hlutdeild EES ríkja hefur aukist frá árinu 2005 en þá var hún 77,3% eins og sést í töflu 7. Hins vegar komu 64,8% af innflutningi frá EES árin 2007-2009, samanborið við 69,3% á árinu 2005 eins og sést í töflu 8. Á sama tímabili hefur útflutningur til Bandaríkjanna og Japans og innflutningur þaðan dregist saman.

Íslendingar fluttu út mest til Hollands en innflutningur var mestur frá Noregi. Sundurliðun á viðskiptum einstakra landa má sjá á vef Hagstofunnar á slóðinni [www.hagstofa.is/utanrikisverslun](http://www.hagstofa.is/utanrikisverslun).

**Mynd 10. Útflutningur eftir markaðssvæðum árin 2005–2009**



**Mynd 11. Innflutningur eftir markaðssvæðum árin 2005–2009**



<sup>1</sup> EES-ríkin eru 27 ESB-ríki ásamt Íslandi, Noregi og Liechtenstein.

*Holland helsta útflutningsland  
Íslendinga*

Hlutur fimm helstu útflutningslandanna var 65% af heildarútflutningi Íslendinga 2009 samanborið við 67% árið 2008 og tæplega 61% árið 2007 (töflur 7 og 9). Holland var helsta útflutningsland Íslendinga árið 2009, eins og árin tvö á undan. Verðmæti útflutnings til Hollands nam þá 154,0 milljörðum króna, 30,7% af heildarútflutningi og dróst saman um 4,0% frá árinu 2009 á gengi hvors árs eða 28,4% á föstu gengi. Hlutfall sjávarafurða í útflutningi til Hollands var tiltölulega lágt, eða 10,1%. Iðnaðarvörur vógu þyngst í útflutningi þangað, en 73,5% af útflutningi til Hollands var álútflutningur. Samdrátt útflutnings til Hollands má aðallega rekja til minni útflutnings á áli en á móti kom aukinn útflutningur á kísiljárn og sjávarafurðum.

Í utanríkisverslun er almenn regla að útflutningsland er endanlegt neysluland vöru. Ef endanlegt neysluland vöru er ekki þekkt þegar útflutningurinn á sér stað verður útflutningslandið viðskiptalandið. Varðandi álútflutning til Hollands er vitað að verulegur hluti hans er fluttur áfram til annarra rikja og í því tilviki er Holland viðskiptalandið en ekki endanlegt neysluland vörurnnar. Hafa skal hliðsjón af þessari staðreynnd þegar tölur um útflutning til Hollands eru skoðaðar.

Íslendingar seldu næst mest til Bretlands á árinu 2009 eins og árið á undan. Þangað var flutt út fyrir 64,0 milljarða króna, 12,8% af heildarútflutningi, jókst um 18,1% frá fyrra ári á gengi hvors árs en dróst saman um 11,9% á föstu gengi. Hlutfall sjávarafurða í útflutningi til Bretlands var 76,1%, mestmagns þorskur og ýsa.

Þýskaland var þriðja í röðinni eins og árið á undan. Sala þangað nam 56,4 milljörðum eða 11,3% af heildarútflutningi, jókst um 6,9% frá fyrra ári á gengi hvors árs en dróst saman um 20,3% á föstu gengi. Iðnaðarvörur, aðallega ál, vógu þyngst í útflutningi til Þýskalands eða 76,1%.

*Noregur helsta innflutningsland  
Íslendinga*


Innflutningur frá fimm helstu innflutningslöndunum nam alls 45% af heildarinnflutningi árið 2009 samanborið við 46% árið 2008 og 49% árið 2007 (töflur 8 og 10). Árið 2009 var mestur innflutningur til Íslands frá Noregi eins og árið áður. Árið 2009 voru fluttar inn vörur frá Noregi fyrir 57,9 milljarða króna, 13,0% af heildarinnflutningi og jókst að verðmæti um 0,4% frá fyrra ári á gengi hvors árs, en dróst saman um 25,1% á föstu gengi. Innflutningur á eldsneyti vó þyngst í innflutningi frá Noregi.

Árið 2009 var næst mest flutt inn frá Hollandi, sem var í sjöunda sæti árið á undan, og nam verðmæti innflutnings þaðan 38,5 milljörðum króna, 8,6% af heildarinnflutningi og jókst um 23,3% frá árinu 2008 á gengi hvors árs en dróst saman um 8,0% á föstu gengi. Stærsti hluti þessa innflutnings voru vélar og samgöngutæki.


Þýskaland var í þriðja sæti innflutningslanda árið 2009, en var í öðru sæti árið á undan, með innflutning að verðmæti 36,8 milljarða króna, 8,3% af heildarinnflutningi. Innflutningur frá Þýskalandi dróst saman að verðmæti um 30,2% frá fyrra ári á gengi hvors árs og um 48,0% á föstu gengi. Stærsti hluti innflutnings þaðan voru vélar og samgöngutæki sem var einnig helsta ástæða samdráttar í innflutningi frá Þýskalandi.

Myndir 12 og 13 sýna útflutning og innflutning eftir helstu viðskiptalöndum árið 2009 og vöruskiptajöfnuð við helstu viðskiptalönd árið 2009. Þar sést að umtalsverður afgangur var á viðskiptum við Holland en hallí á viðskiptum við Danmörku, Noreg og Svíþjóð.

**Mynd 12. Út- og innflutningur eftir helstu viðskiptalöndum árið 2009**



**Mynd 13. Vöruskiptajöfnuður við helstu viðskiptalönd árið 2009**



Greining utanríkisverslunar eftir vöruflokkum og markaðssvæðum (töflur 11 og 12) sýnir að EES ríki áttu mesta hlutdeild í útflutningnum 2009, 83,5%. Sjávarafurðir voru 41,7% alls útflutningsins og af þeim voru 78,7% flutt út til EES ríkja. Þessi ríki keyptu 89,9% af þeim iðnaðarvörum sem Íslendingar fluttu út. Í innflutningnum vógu hrávörur og rekstrarvörur þyngst (31,4%) og af þeim voru 51,0% flutt inn frá EES ríkjunum. Um 94,4% eldsneytis, 79,7% fjárfestingarvara og 71,4% mat- og drykkjarvara kom frá EES ríkjum.

Á vef Hagstofunnar ([www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)) er hægt að nálgast allar upplýsingar um innflutning og útflutning, til dæmis eftir mánuðum, gjaldmiðlum, vöruflokkum SITC, hagrænni flokkun BEC, útflutning eftir vöruflokkum Hagstofu og vinnslugreinum. Einnig eru upplýsingar um utanríkisverslunina eftir löndum, markaðssvæðum og löndum og flokkunum.

**Tafla 5. Útflutningur eftir vöruflokkum árin 2008–2009**

Fob-verð á gengi hvors árs	2008			2009			Breyting frá fyrra ári, %
	Tonn	Millj. kr.	%	Tonn	Millj. kr.	%	
<b>Samtals</b>	<b>2.059.668,8</b>	<b>466.859,5</b>	<b>100,0</b>	<b>1.992.084,4</b>	<b>500.854,5</b>	<b>100,0</b>	<b>7,3</b>
<b>1 Sjávarafurðir</b>	<b>696.897,3</b>	<b>171.348,7</b>	<b>36,7</b>	<b>668.902,1</b>	<b>208.623,6</b>	<b>41,7</b>	<b>21,8</b>
11 Uppsjávarfiskur	328.801,7	34.764,2	7,4	290.072,0	34.850,3	7,0	0,2
110 Síld	183.617,6	18.762,0	4,0	208.943,0	25.668,2	5,1	36,8
111 Loðna	77.228,1	11.694,2	2,5	17.930,5	2.930,2	0,6	-74,9
112 Kolmunni	45.846,6	3.369,8	0,7	32.153,5	3.292,4	0,7	-2,3
113 Makríll	3.583,1	606,0	0,1	13.208,0	2.444,7	0,5	303,4
119 Annar uppsjávarfiskur	18.526,4	332,2	0,1	17.836,9	514,9	0,1	55,0
12 Botnfiskur, helstu tegundir	234.543,6	105.860,0	22,7	246.761,1	134.786,2	26,9	27,3
120 Þorskur	88.258,8	59.516,3	12,7	109.473,6	75.531,9	15,1	26,9
121 Ýsa	53.092,1	19.846,9	4,3	41.977,5	20.273,2	4,0	2,1
122 Ufsi	29.923,0	8.865,7	1,9	30.196,2	12.081,5	2,4	36,3
123 Karfi	47.382,0	11.747,0	2,5	45.393,9	15.975,0	3,2	36,0
124 Steinbitur	6.695,8	2.347,7	0,5	8.214,8	5.169,1	1,0	120,2
125 Langá	4.427,6	1.528,2	0,3	6.393,3	2.432,1	0,5	59,1
126 Blálanga	214,8	56,0	0,0	117,2	48,6	0,0	-13,1
127 Keila	2.032,4	830,6	0,2	2.242,7	1.310,4	0,3	57,8
128 Skötuselur	2.442,8	1.095,2	0,2	2.682,5	1.933,1	0,4	76,5
129 Skata	74,4	26,5	0,0	69,4	31,2	0,0	17,7
13 Botnfiskur, annar	17.129,6	5.060,6	1,1	27.041,3	5.972,5	1,2	18,0
130 Gulllax	3.452,5	479,7	0,1	7.200,8	962,1	0,2	100,6
131 Háfur og annar háfiskur	46,1	9,0	0,0	67,8	12,5	0,0	39,2
132 Lýsingur	—	—	—	0,5	0,1	0,0	—
138 Grásleppa	667,3	561,6	0,1	665,3	938,6	0,2	67,1
139 Annar botnfiskur	12.963,7	4.010,3	0,9	19.106,9	4.059,3	0,8	1,2
14 Flatfiskur	18.177,1	7.980,2	1,7	21.301,7	12.322,9	2,5	54,4
140 Grálúða	8.675,7	3.921,9	0,8	12.457,0	8.168,4	1,6	108,3
141 Lúða	667,7	407,7	0,1	545,8	393,9	0,1	-3,4
142 Skarkoli	4.240,4	1.310,5	0,3	3.614,6	1.142,3	0,2	-12,8
143 Sólflúra	963,5	330,0	0,1	871,1	321,8	0,1	-2,5
149 Annar flatfiskur	3.629,7	2.010,1	0,4	3.813,3	2.296,5	0,5	14,2
16 Krabbadýr, skeldýr og lindýr	20.102,9	11.561,6	2,5	15.061,9	13.004,0	2,6	12,5
160 Rækja	17.587,7	9.161,8	2,0	12.644,4	9.825,3	2,0	7,2
161 Humar	1.323,9	2.004,1	0,4	1.451,4	2.729,8	0,5	36,2
162 Hörpudiskur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	16,2
163 Kræklingur	1,5	0,4	0,0	6,5	2,3	0,0	486,1
164 Smokkfiskur	26,7	2,3	0,0	74,2	12,9	0,0	462,4
165 Ígulker	4,1	1,8	0,0	1,0	1,3	0,0	-27,0
166 Kúfiskur	558,4	148,1	0,0	163,0	58,1	0,0	-60,8
167 Beitukóngur	186,5	41,4	0,0	145,2	29,3	0,0	-29,2
168 Sæeyra	0,1	0,1	0,0	3,8	0,2	0,0	159,9
169 Krabbadýr, skeldýr og lindýr ót.a.s.	413,9	201,6	0,0	572,4	344,6	0,1	70,9
19 Aðrar sjávarafurðir	78.142,4	6.122,1	1,3	68.664,1	7.687,7	1,5	25,6
<b>2 Landbúnaðrvörur</b>	<b>16.109,5</b>	<b>6.426,6</b>	<b>1,4</b>	<b>17.614,4</b>	<b>7.682,7</b>	<b>1,5</b>	<b>19,5</b>
21 Fiskeldi	2.117,6	1.836,0	0,4	1.978,7	2.718,6	0,5	48,1
22 Búfé	692,5	1.064,2	0,2	499,2	992,9	0,2	-6,7
23 Afurðir sláturdýra	4.602,7	2.367,4	0,5	7.262,7	2.934,6	0,6	24,0
24 Mjólk og mjólkurvörur	1.828,2	494,0	0,1	1.191,1	332,6	0,1	-32,7
25 Aðrar land- og sjávarnyttjar	5.906,4	605,5	0,1	5.456,0	585,7	0,1	-3,3
29 Aðrar landbúnaðrvörur	962,1	59,4	0,0	1.226,8	118,3	0,0	99,1

Tafla 5. Útflutningur eftir vöruflokkum árin 2008–2009 (frh.)

Fob-verð á gengi hvors árs	2008			2009			Breyting frá % fyrra ári, %	
	Tonn	Millj. kr.	%	Tonn	Millj. kr.			
<b>3 Iðnaðarvörur</b>	<b>1.031.401,0</b>	<b>243.147,2</b>		<b>52,1 1.050.376,7</b>	<b>243.641,0</b>		<b>48,6</b>	<b>0,2</b>
31 Matur og drykkjarvara	19.254,0	2.795,3	0,6	12.375,5	4.274,1	0,9	52,9	
310 Fiskmeti	2.464,0	1.650,8	0,4	2.825,2	3.037,7	0,6	84,0	
317 Sælgæti	140,6	98,0	0,0	163,6	160,2	0,0	63,5	
318 Drykkjarvörur	16.414,9	837,4	0,2	9.056,6	704,2	0,1	-15,9	
319 Önnur matvara	234,5	209,1	0,0	330,1	372,0	0,1	77,9	
33 Fóðurvörur	3.481,9	421,0	0,1	346,5	143,9	0,0	-65,8	
34 Heilbrigðis- og hreinlætisvörur	1.074,2	15.588,4	3,3	933,8	17.840,7	3,6	14,4	
340 Lyfjavörur	766,6	9.680,1	2,1	675,9	11.978,0	2,4	23,7	
341 Tæki og vörur til lækninga	226,3	5.792,0	1,2	196,0	5.745,3	1,1	-0,8	
344 Hreinlætis- og snyrtivörur	81,3	116,2	0,0	62,0	117,4	0,0	1,0	
35 Skinna- og textílvörur	1.003,3	523,9	0,1	122,7	457,1	0,1	-12,7	
36 Unnin jarðefni	972.039,6	201.110,2	43,1	990.946,0	193.181,6	38,6	-3,9	
360 Ál	760.764,1	182.035,9	39,0	805.449,7	170.663,6	34,1	-6,2	
361 Kisiljárn	105.910,9	11.460,6	2,5	112.992,9	16.853,6	3,4	47,1	
362 Kisilgúr	0,0	0,0	0,0	—	—	—	—	
363 Salt	3.718,4	433,4	0,1	2.099,2	361,7	0,1	-16,5	
364 Steinull	2.931,3	246,6	0,1	2.516,8	267,7	0,1	8,6	
365 Pang og þaramjöl	59,4	15,6	0,0	0,0	0,0	0,0	-99,9	
366 Jarðolur og olíuvörur	96.588,0	6.881,8	1,5	65.499,8	4.966,7	1,0	-27,8	
367 Krýolít	2.067,2	36,3	0,0	2.370,1	57,2	0,0	57,4	
369 Íblöndunarefn fyrir cement	0,2	0,0	0,0	17,4	11,0	0,0	·	
37 Vörur til fiskveiða	2.032,3	3.248,5	0,7	1.991,3	3.996,0	0,8	23,0	
370 Rafeindavogir	104,6	1.241,8	0,3	102,1	1.513,7	0,3	21,9	
371 Fiskinet, -línur, kaðlar o.þ.h.	556,9	555,0	0,1	210,5	575,5	0,1	3,7	
373 Fiskkassar	840,7	454,2	0,1	1.247,7	727,9	0,1	60,3	
379 Vörur til fiskveiða ót.a.s.	530,2	997,4	0,2	431,0	1.179,0	0,2	18,2	
38 Ýmsar iðnaðarvörur	3.377,9	4.267,5	0,9	1.737,1	2.708,8	0,5	-36,5	
381 Umbúðir	1.751,0	345,3	0,1	1.337,1	388,1	0,1	12,4	
382 Álpönnur	12,5	10,2	0,0	—	—	—	—	
383 Vélar til matvælaframleiðslu	1.614,4	3.912,1	0,8	400,0	2.320,6	0,5	-40,7	
39 Aðrar iðnaðarvörur	29.137,8	15.192,5	3,3	41.923,8	21.038,6	4,2	38,5	
<b>4 Aðrar vörur</b>	<b>315.261,1</b>	<b>45.936,9</b>	<b>9,8</b>	<b>255.191,3</b>	<b>40.907,2</b>	<b>8,2</b>	<b>-10,9</b>	
41 Jarðefni	90.929,5	529,4	0,1	71.133,7	534,1	0,1	0,9	
42 Endurheimtar vörur	200.577,4	5.399,7	1,2	166.949,0	5.209,2	1,0	-3,5	
43 Flutningsför	19.122,0	36.080,8	7,7	14.891,2	32.283,6	6,4	-10,5	
430 Notuð skip	7.883,9	1.229,0	0,3	5.891,7	2.560,8	0,5	108,4	
432 Flugvélar	1.513,6	28.757,9	6,2	1.220,1	22.670,8	4,5	-21,2	
433 Bílar, notaðir eða endurseldir	9.724,5	6.093,9	1,3	7.779,4	7.052,0	1,4	15,7	
49 Aðrar vörur	4.632,1	3.927,0	0,8	2.217,3	2.880,4	0,6	-26,7	

**Tafla 6. Innflutningur eftir hagrænni flokkun árin 2008–2009**

Cif-verð á gengi hvors árs	2008			2009			Breyting frá fyrra ári, %
	Tonn	Millj. kr.	%	Tonn	Millj. kr.	%	
<b>Samtals</b>	<b>4.582.703,1</b>	<b>514.739,3</b>	<b>100,0</b>	<b>3.969.551,7</b>	<b>446.128,2</b>	<b>100,0</b>	<b>-13,3</b>
<b>1 Matvörur og drykkjarvörur</b>	<b>232.749,9</b>	<b>41.270,6</b>	<b>8,0</b>	<b>206.990,4</b>	<b>46.277,3</b>	<b>10,4</b>	<b>12,1</b>
111 Óunnar, einkum til iðnaðar	49.966,2	1.991,1	0,4	50.574,7	2.156,1	0,5	8,3
112 Óunnar, einkum til heimilisnota	76.549,8	11.391,6	2,2	63.862,8	13.228,7	3,0	16,1
121 Unnar, einkum til iðnaðar	25.149,0	3.894,3	0,8	21.886,4	3.716,8	0,8	-4,6
122 Unnar, einkum til heimilisnota	81.084,9	23.993,5	4,7	70.666,4	27.175,7	6,1	13,3
<b>2 Hrávörur og rekstrarvörur ót.a.s.</b>	<b>2.887.395,9</b>	<b>167.991,7</b>	<b>32,6</b>	<b>2.364.965,2</b>	<b>140.178,1</b>	<b>31,4</b>	<b>-16,6</b>
210 Óunnar	609.031,6	7.322,9	1,4	434.420,9	6.334,5	1,4	-13,5
220 Unnar	2.278.364,2	160.668,8	31,2	1.930.544,3	133.843,6	30,0	-16,7
<b>3 Eldsneyti og smurolíur</b>	<b>886.656,1</b>	<b>61.108,5</b>	<b>11,9</b>	<b>873.752,5</b>	<b>54.463,7</b>	<b>12,2</b>	<b>-10,9</b>
310 Óunnið eldsneyti	99.266,0	1.785,8	0,3	114.681,7	2.982,8	0,7	67,0
321 Bensín, þ.m.t. flugvélabensín	152.381,2	11.544,5	2,2	157.242,1	11.508,1	2,6	-0,3
322 Annað unnið eldsneyti og smurolíur	635.008,9	47.778,2	9,3	601.828,7	39.972,8	9,0	-16,3
<b>4 Fjárfestingarvörur (þó ekki flutningatæki)</b>	<b>474.642,2</b>	<b>109.139,2</b>	<b>21,2</b>	<b>454.744,2</b>	<b>94.279,1</b>	<b>21,1</b>	<b>-13,6</b>
410 Fjárfestingarvörur	32.824,9	56.025,9	10,9	11.777,1	36.895,8	8,3	-34,1
420 Hlutar til þeirra	441.817,3	53.113,2	10,3	442.967,1	57.383,3	12,9	8,0
<b>5 Flutningatæki</b>	<b>43.787,1</b>	<b>63.316,5</b>	<b>12,3</b>	<b>29.261,1</b>	<b>41.441,6</b>	<b>9,3</b>	<b>-34,5</b>
510 Fólksbílar (þó ekki almenningsvagnar)	17.042,7	21.165,8	4,1	4.278,7	8.603,0	1,9	-59,4
521 Flutningatæki til atvinnureksturs (ekki skip, flugvélar)	11.543,4	9.836,2	1,9	2.076,4	2.512,8	0,6	-74,5
522 Önnur flutningatæki, til einkanota	1.949,3	2.528,0	0,5	393,0	709,9	0,2	-71,9
530 Hlutar til flutningatækja	7.711,5	12.928,8	2,5	4.759,6	12.756,4	2,9	-1,3
540 Skip	3.190,4	1.918,8	0,4	2.882,0	3.940,2	0,9	105,3
550 Flugvélar	2.349,9	14.938,8	2,9	14.871,3	12.919,2	2,9	-13,5
<b>6 Neysluvörur ót.a.s.</b>	<b>57.091,6</b>	<b>71.528,6</b>	<b>13,9</b>	<b>39.549,5</b>	<b>68.936,3</b>	<b>15,5</b>	<b>-3,6</b>
610 Varanlegar (t.d. heimilistæki)	20.296,0	16.767,9	3,3	9.175,9	11.571,4	2,6	-31,0
620 Hálf-varanlegar (t.d. fatnaður)	15.752,6	26.866,2	5,2	10.842,5	24.380,0	5,5	-9,3
630 Óvaranlegar (t.d. tóbak, lyf)	21.043,0	27.894,4	5,4	19.531,1	32.984,9	7,4	18,2
<b>7 Vörur ót.a.s. (t.d. endursendar vörur)</b>	<b>380,3</b>	<b>384,4</b>	<b>0,1</b>	<b>288,8</b>	<b>552,0</b>	<b>0,1</b>	<b>43,6</b>
700 Vörur ót.a.s. (t.d. endursendar vörur)	380,3	384,4	0,1	288,8	552,0	0,1	43,6

**Tafla 7. Útflutningur eftir markaðssvæðum árin 2005–2009**

Fob-verð á gengi hvers árs	2005		2006		2007		2008		2009		Breyting '08-'09
	Millj. kr.	%									
<b>Samtals</b>	<b>194.355,3</b>	<b>100,0</b>	<b>242.740,0</b>	<b>100,0</b>	<b>305.095,8</b>	<b>100,0</b>	<b>466.859,5</b>	<b>100,0</b>	<b>500.854,5</b>	<b>100,0</b>	<b>7,3</b>
<b>EES</b>	<b>150.248,6</b>	<b>77,3</b>	<b>181.970,3</b>	<b>75,0</b>	<b>239.116,4</b>	<b>78,4</b>	<b>376.063,0</b>	<b>80,6</b>	<b>418.346,9</b>	<b>83,5</b>	<b>11,2</b>
Austurríki	522,5	0,3	496,3	0,2	755,8	0,2	975,9	0,2	1.019,0	0,2	4,4
Belgía	4.094,5	2,1	4.734,7	2,0	4.997,7	1,6	7.214,1	1,5	9.208,6	1,8	27,6
